

Fundur stjórnar ÆSKP 3. júní 2019 í Neskirkju

Mætt: Jóhanna Ýr, Katrín Helga, Inga, Berglind og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 16.30.

Gleðigangan

Gleðigangan er haldin 17. ágúst. Hugmynd kom upp um að auglýsa eftir göngustjóra ÆSKP.

Verðum að fjölmenna presta, leiðtoga og starfsfólk á gönguna. Hugmynd um hvort að kirkjur gætu verið með bænastöðvar á þessum degi.

Stjórnarmeðliðir ættu að skrifa pistla um mikilvægi þess að taka þátt í Gleðigöngunni og Landsmóti.

ÆSKP gæti keypt Gaypride-fána og sent á kirkjur, og hvetja þær til að flagga.

Það er mikilvægt að kirkjan verði sýnileg í stuðningi með hinsegin fólki.

Kirkjur gætu verið með bænastöðvar á þessum degi.

Samstarfsvettvangurinn

Það er búið að endurvekja samstarfsvettvanginn.

Það er verið að vinna að undirbúningi fyrir Haustnámskeiðið. Boðið verður upp á skyndihjálparnámskeið.

Skálholtsfjölskylduhátíð

Skálholtsfjölskylduhátíðin er haldin líklega 25. ágúst.

Þjónustumiðstöðin er búin að spyrja hvort að ÆSKP vilji taka að sér að halda utan um stöðvar í fjölskyldumessu og mögulega stjórna einhverjum leikjum. Best væri að þær sem færu á vegum ÆSKP fengu laun fyrir sína vinnu.

Landsmót í Ólafsvík 2019

Allt er á góðri siglingu. Höfum fengið jákvæð viðbrögð frá kvenfélaginu um að það sér um matinn. Jónína og Jóhanna funduðu með Óskari. Hann er ótrúlega spenntur.

Það er í gangi hugmyndanavinna til að finna þema Landsmótsins. Hugmyndir hafa komið um „Skapandi Landsmót“ eða „Lifandi Landsmót.“

Konný og Herdís ætla að sjá um að vaktirnar og sjálfbóðaliðana á Landsmóti.

Önnur mál

ÆSKP ætlar að bjóða upp á sjálfsstyrkingarnámskeið. Það ætti að vera á laugardegi svo að fólk utan að landi getur séð sér að mæta. Þetta gæti jafnvel verið meira en einn fyrirlesari. Hægt er að tengja þetta við landsmót.

Það þarf að halda Verndum þau út á landi.

Jónína vill halda aftur Janúarnámskeið. Langamýri er draumastaðsetning fyrir það. Jóhanna segir að biblíufræðslan á síðasta námskeiði hafi verið sérstaklega gagnleg.

Hugmynd að ÆSKP mætir á Vormót svæðafélaga.

Á næsta ári verður KUF 15 ára. Það væri gaman að gera eitthvað í tengslum við það. Það mun líklega þurfa nýja framkvæmdarstjóra á næsta KUF.

Fundi slitið kl. 18.00